

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga og
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna stjórnenda slökkviliðsstjóra**

Rafrænn fundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) vegna stjórnenda slökkviliða og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann xx. ágúst 2022.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson, Ólafur Stefánsson, Bjarni Höskuldsson og Magnús Smári Smáráson.

Fulltrúar SNS voru: Ellisif Tinna Víðisdóttir, Helgi Aðalsteinsson, Raket Guðmundsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Bakvaktir

Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða, með síðari breytingum, stendur:

Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri eða stjórnandi sem uppfyllir hæfniskröfur viðkomandi slökkviliðs skal ávallt vera á vakt eða á bakvakt og til staðar á starfssvæði slökkviliðsins.

Í kjarasamningi SNS og LSS fyrir hönd stjórnenda slökkviliða stendur síðan í grein 2.5.1.

Heimilt er með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar/ sveitarfélags og með skriflegu samþykki samstarfsnefndar aðila að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir en að framan greinir. Liggi samþykki samstarfsnefndar ekki fyrir gildir grein 1.6.2.

SNS og LSS fyrir hönd stjórnenda slökkviliða eru sammála um að þörf er á að setja ákveðnar viðmiðunarreglur sem samstarfsnefndin skal horfa til við afgreiðslu erinda þar sem óskað er eftir heimild til að semja um annað fyrirkomulag greiðslna sbr. grein 2.5.1.

Niðurstaða:

Með vísan í 7. og 15. gr. reglugerðar um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018, með síðari breytingum og greinar 2.5.1. í kjarasamningi SNS og LSS fyrir hönd stjórnenda slökkviliða er samstarfsnefndin sammála um að eftirfarandi skuli gilda fyrir slökkvilið sem falla í flokk A, B, eða C miðað við 15 gr. reglugerðarinnar:

- A. Enginn undanþága er veitt af greiðslum fyrir bakvaktir slökkviliðsstjóra.
- B. Heimilt að sækja um undanþágu af greiðslum fyrir bakvaktir slökkviliðsstjóra en verður hún þó aðeins veitt út samningstímann þ.e. til 30. september 2023.
- C. Heimilt að sækja um undanþágu af greiðslum fyrir bakvaktir slökkviliðsstjóra og verður hún alltaf veitt.

Ekki er heimilt að semja um færri en 20 yfirvinnutíma á viku fyrir bakvakt slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra eða stjórnanda sem uppfyllir hæfniskröfur viðkomandi slökkviliðs.

Ekki er veitt undanþága af greiðslum fyrir bakvakt ef eitt af neðangreindum atriðum á við:

1. Að starfssvæði sé stærri en 4000 km².
2. Að íbúafjöldi fari yfir 3000.
3. Starfshlutfall slökkviliðsstjóra sé yfir 75%
4. Þar sem umfangsmikil atvinnustarfsemi er á svæðinu og afleiðingar neyðarástands kunna að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfis og/eða eignum.

2. Vinnuslys

Samstarfsnefndin fjallaði um veikindarétt vegna vinnuslysa fyrir stjórnendur slökkviliða óháð starfshlutfalli.

Dæmi eru um það að stjórnendur slökkviliða í fullu starfi annarsstaðar hafi slasast við æfingar og útköll hjá slökkviliðinu sem er þá ekki þeirra aðalstarf. Við þessar aðstæður hafa fallið niður tryggingar þeirra og réttur til launa í þeirra aðalstarfi en réttur þeirra til veikindalauna hjá slökkviliðinu verið reiknaður út frá þeirra vinnuframlagi eða starfshlutfalli. Þannig hafa þeir setið eftir með skerta innkomu í bataferlinu eftir slys.

Niðurstaða

Samstarfsnefndin er sammála um að verði stjórnandi slökkviliðs óháð starfshlutfalli óvinnufær vegna vinnuslys sem hann verður fyrir við störf sín sem slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri eða stjórnandi sem uppfyllir hæfisskilyrði viðkomandi slökkviliðs, skal hann njóta réttar til launa sem væri hann í fullu starfi í allt að sex mánuði. Ákvörðun þessi gildir út núverandi samningstíma kjarasamnings SNS og LSS vegna stjórnenda slökkviliða. Komi upp mál af tagi á samningstímanum mun samstarfsnefndin taka þau til frekari meðferðar.

Fleira var ekki gert.